



Ræða haldinn í Menntaskólanum í Reykjavík í tilefni af 40 ára stúdentsafmæli

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Ræður – Menntaskólinn í Reykjavík – MR – Stúdentsafmæli – 40 ára

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-5, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við vorum 43 stúdentar, sem útskrifuðumst úr þessum skóla fyrir 40 árum og var hann þá enn eini skólinn, þar sem stúdentspróf var hægt að taka hér á landi. Landsmenn voru þá 100117 að tölu og ýmsir héldu, að svo fjölmennur hópur mentamanna mundi sliga þjóðfélagið eða a.m.k. skapa öreigalýð lærðra manna.

Nú, fjörutíu árum síðar, eru landsmenn 190230 eða ekki alveg tvisvar sinnum fleiri en þá. Að þessu sinni er ætlað, að útskrifast muni 353 stúdentar alls á landinu eða hlutfallslega nær 4 1/2 sinnum fleiri og ofbýður engum, heldur kvarta menn nú undan því, að hætta sé, að Íslendingar verði aftur úr öðrum vegna skorts á sérlærðum mönnum og tæknifræðingum í ýmsum greinum. Af þessu má marka þá miklu breytingu, sem á er orðin og óparft er að fjölyrða hér um.

Fjörutíu ár er langur hluti af mannsævi og sennilega er nú mjög farið að síga á seinni hluta starfstíma okkar, þó að sjálf þykjumst við enn vera á besta aldri. Okkar í milli hafa leiðir skilist með margvislegu móti en öll erum við sammála um þá þakkarskuld, sem við eigum að gjalda okkar gamla skóla. Þaðan eigum við margar góðar minningar, sem við með ánægju rifjum upp.

Fyrst og fremst hugsum við til sex skólabræðra okkar, sem andast hafa fyrir aldur fram, og við söknum nú innilega úr þeim hóp, sem þessa dagana hittast. Hinum, sem forfallaðir eru af ýmsum ástæðum, sendum við hlýjar kveðjur.

Þá reikar hugurinn ekki aðeins nú heldur oft ella til kennaranna, sem allir lögðu sig fram við erfiðar aðstæður um að veita okkur þá fræðslu, sem þeir best gátu. Hinn síðasti þeirra, sem okkur kenndi, Kristinn Ármannsson rektor, hvarf frá skólanum í fyrra og ~~hyltni~~ við hanum nú. Við heilsun ~~ein~~ með ánægju okkar gamla ~~kuningja~~ ~~vin~~ númerandi rektor Einari Magnússyni, sem þegar hafði tekið við kenslu í okkar tíð, þó að ~~engum~~ ~~engum~~ ~~engum~~ ~~okkar~~ ~~kendí~~ ~~han~~. ~~en~~ ~~en~~ ~~en~~

og andast st mi
fyrir þáum dígunn.
Minningar þess
heit um manns
mánum við at í s.
heft - heit ri. fja

En við eignum meiri ítök í kennaraliðinu því að einn ágætasti kennari skólans, Magnús Finnbogason, er úr okkar hópi. Það er einmitt fyrir hans tillögu, að við höfum ákveðið að gefa skólanum nokkra fjárhæð til bóka-kaupa. Hið eina skilorð okkar með gjöf-inni er það, að okkar gamli bekkjarbróðir ráði vali bókanna. Við vitum, að val hans muni takast vel og sjálfir þekkjum við af langri reynslu, hversu góðar bækur

og kunnátta í að umgangast þær er mikill
þáttur í lað halda áfram að læra alt lífið,
en gildi skólavistarinnar er einkum í því
fólgíð að kenna mönnum þá list. Að svo
mæltu afhendi ég rektor gjöf okkar með hug-
heilum þökkum og heillaóskum skólanum til
handa.